

Fundargerð 414

Föstudaginn 14. mars 2014 kl. 11:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman að Ártorgi 1 á Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason stjórnarformaður (í síma), Guðmundur R. Gíslason, Matthildur Helgadóttir Jónudóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Valdimar Hafsteinsson. Ólöf Hallgrímsdóttir boðaði forföll. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs, Sigurjón Geirsson endurskoðandi (við dagskrárliði 1-3), Sveinbjörn Sveinbjörnsson endurskoðandi (við dagskrárliði 1-3), Einar Örn Hreinsson sérfræðingur (við dagskrárlið 6), Sigríður Kristín Þorgrímsdóttir sérfræðingur (við dagskrárlið 7) og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 11:20. Formaður lagði til að Guðmundur R. Gíslason yrði fundarstjóri þar sem formaður væri í síma og varaformaður fjarverandi.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Ársreikningur 2013
3. Skýrsla innri endurskoðanda 2013
4. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar 2014
5. Fundargerðir lánanefndar
6. Gagnagrunnur um byggðatengdar upplýsingar – kynning
7. Brothættar byggðir – framhald verkefnisins
8. Yfirlýsing um að ekki sé greiddur kaupauki
9. Ársfundur 2014
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

GRG bar upp fundargerð fundar nr. 412 og var hún samþykkt samhljóða og síðan dreift til undirritunar.

2. Ársreikningur 2013

AÐ hafði inngang að ársreikningnum og gerði grein fyrir viðbrögðum við þeim athugasemdum sem komu fram. SS fór yfir ársreikning 2013 og skýrslu endurskoðanda. Hagnaður ársins nam 188,9 mkr., eignir námu 14.872 mkr., skuldir voru 12.570 mkr. og eigið fé 2.302 mkr., eiginfjárhlutfall í árslok var 16,0%.

GRG bar upp ársreikning Byggðastofnunar vegna ársins 2013 og var hann samþykktur samhljóða.

Fundi frestað kl. 12:20 og framhaldið kl. 12:55

3. Skýrsla innri endurskoðanda 2013

SG fór yfir skýrslu innri endurskoðanda og þær tillögur og ábendingar sem þar komu fram.

AP sagði frá vinnunni við að fá nýtt lánakerfi en bjóða þarf út nýtt kerfi á evrópska efnahagssvæðinu og hefur verið haft samband við Ríkiskaup vegna þessa.

SS og SG vikju af fundi.

4. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar 2014

AP fór yfir rekstur fyrstu tveggja mánaða ársins og SBS og EGK fóru síðan yfir stöðu verkefna skv. starfsáætlun.

EGK dreifði minnisblaði yfir skiptingu á lánasafninu í lok árs 2013 og óskaði jafnframt eftir tillögum og ábendingum stjórnarmanna um upplýsingar sem þeir vilja sjá.

Óskað var eftir sundurliðun á rekstri fullnustueigna og verður hún send stjórnarmönnum með tölvupósti.

5. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerðir lánanefndar nr. 5/14, 19. febrúar 2014 og nr. 6/14, 27. febrúar 2014.

EGK fór yfir fundargerðirnar.

6. Gagnagrunnur um byggðatengdar upplýsingar – kynning

EÖH kynnti vinnu sem er í gangi við að setja upp gagnagrunn um byggðatengdar upplýsingar, Byggðabrunn. Gert er ráð fyrir að vinnunni verði lokið á árinu og verði gagnagrunnurinn þá aðgengilegur í gegnum heimasíðu stofnunarinnar.

7. Brothættar byggðir – framhald verkefnisins

AP og SKP fór yfir stöðu verkefnisins „Brothættar byggðir“ og gerðu grein fyrir minnisblaði um áframhald verkefnisins. Umræður urðu um íbúafing sem fór fram í Breiðdalsvík í byrjun mars.

Formanni og forstjóra var falið að gera drög að auglýsingu um útfærslu verkefnisins til fleiri svæða.

8. Yfirlýsing um að ekki sé greiddur kaupauki

Skv. bréfi frá Fjármálaeftirlitinu dags. 28. febrúar 2014 ber stjórnnum allra fjármálafyrirtækja skila inn tilkynningu um að þau ætli ekki að setja sér kaupaukakerfi.

Stjórn Byggðastofnunar staðfestir að kaupauki verði ekki greiddur á árinu 2014.

9. Ársfundur 2014

Ársfundur verður haldinn 29. apríl nk. í Miðgarði í Skagafirði. Verið er að skipuleggja málþing í tengslum við ársfundinn, og verður fundarefnið afmörkun svæða vegna byggðatengdra aðgerða.

10. Önnur mál

Spurt var um húsnæðismál stofnunarinnar. AÐ upplýsti að verið sé að vinna þarfagreiningu og húsrýmisáætlun í samstarfi við Framkvæmdasýslu ríkisins. Í framhaldi af þeirri vinnu mun Framkvæmdasýslan auglýsa eftir húsnæði.

11. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn í tengslum við ársfundinn 29. apríl nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:12

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____